

17. **Skaptafellssýslupósturinn** fer frá *Prestsbakka*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá *Odda*, að *Borgarfelli í Skaptártungu* og snýr þaðan aptur að *Prestsbakka*. **127**
18. **Vestmannaeyjapósturinn** fer frá *Odda* að *Ljótastöðum* daginn eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur til *Odda*. Þegar póst-taskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótastöðum, skal henni komið svo snemma að *Odda*, að hún komist á aðal-póstinn á leið hans til Reykjavíkur.
19. **Rangárvallasýslupóstarnir** eru tveir :
- Fer annar frá *Ási* í Holtum, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, að *Fellsmúla á Landi* og snýr þaðan aptur að *Ási*.
 - Hinn fer frá *Odda*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, um Stórolfshvol að *Teigi í Fljótshlíð* og þaðan aptur sömu leið að *Odda*.
20. **Árnessýslupóstarnir** eru fjórir :
- Hinn fyrsti fer frá *Kotströnd í Ölfusi*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, að *Úlfjótsvatni í Grafningi* og snýr þaðan aptur að *Kotströnd*.
 - Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík um *Arnarbæli í Grimsnesi* og *Mosfell* að *Torfastöðum* í *Biskupstungum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
 - Hinn þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, um *Ólafsvelli* að *Reykjum á Skeiðum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
 - Hinn fjórði fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur daginn eptir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 5. desember 1894.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um flutning á þingstað. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmadur, dags. 5. f. m., vil jeg hjer með samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Vestur-Eyjafjallahreppi, er hlutaðeigandi sýslumaður hefur mælt með, samþykka, að þingstaður fyrir Vestur-Eyjafjallahrepp sje fluttur úr Kverkarhelli í Seljalandsmúla að Yzta-Skála með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þingstað. **128**
7. nóv.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. nóv. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem upp hefir verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á hinu reglulega alþingi 1893 um afnám dómsvalds hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenskum málum. **129**
10. nóv.

Þjer hafði viðvíkjandi frumvarpi þessu látið í ljósi, að þjer álltið rjettinn